

Fundargerð

17. fundur Samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar haldinn í gegnum fjarfundarbúnað, 24. febrúar 2021, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Helgi Héðinsson, Margrét Bjarnadóttir, Jóna Björg
Hlöðversdóttir, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Elísabet Sigurðardóttir, Dagbjört
Jónsdóttir, Róbert Ragnarsson, Jón Hrói Finnsson, Sveinn Margeirsson og Gunnar
Úlfarsson.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjóri.

Halldór Þorlákur Sigurðsson boðaði forföll. Elísabet Sigurðardóttir mætti í hans
stað.

Dagskrá:

1. Verkefnis- og kostnaðaráætlun - 1909031

Rætt um skipulag íbúafunda í apríl og tímalínu fram að kosningum.

*Farið yfir helstu dagsetningar í tímaáætlun verkefnisins fram að kosningum sem
fyrirhugaðar eru 5. júní. Fram kom að sveitarstjórn Skútustaðahrepps fundar 10.
mars og sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 11. mars. Ákveðið að samstarfnefnd fundi
þann 9. mars kl. 15:00-17:00 um skilabréf til sveitarstjórna. Rætt um íbúafundi til
kynningar á tillögu samstarfsnefndar. Ákveðið að þeir verði haldnir í síðustu viku
aprílmánaðar. Ákveðið að halda sérstakan fund eða fundi fyrir starfsmenn. Ákveðið
að fundur samstarfsnefndar til undirbúnings íbúafundum verði haldinn 14. apríl.*

Samþykkt

2. Kosningar um sameiningu - 2102019

Farið yfir framkvæmd kosninga og undirbúning þeirra.

*Farið yfir gátlista um verkefni til undirbúnings kosninga um sameiningu. Ráðgjöfum
falið að setja upp skjal með skilgreiningu á ábyrgð á verkefnum.*

Samþykkt

3. Íbúasamráð - 2009006

Farið yfir hvernig tókst til með íbúafundi og athugasemdir og sjónarmið íbúa sem
komu fram á þeim.

*Íbúafundirnir þóttu almennt takast vel. Rætt var um að gott hefði verið að sjá meiri
mætingu almennra íbúa sem ekki hafa tekið þátt í verkefninu. Rætt var um
mikilvægi þess að stuðlað verði að góðri mætingu á íbúafundunum í apríl og
mikilvægi þess að kynningarstarfið í aðdraganda kosninga verði markvisst. Ánægja
var meðal nefndarmanna með fundarformið, sem skapar möguleika á umræðum
þvert á sveitarfélagamörk en einhverjir íbúar hafa kallað eftir staðfundum.*

Samþykkt

4. Framtíðarsýn samstarfsnefndar - 2011022

Umræður um framtíðarsýn og tillögu samstarfsnefndar á grundvelli minnisblaða starfshópa og punkta frá íbúafundum.

Rætt var um minnisblöð starfshópa og þær ábendingar og sjónarmið sem fram komu á íbúafundum. Farið var yfir samantekt ráðgjafa á umræðupunktum frá fundunum. Rætt var um ábendingar sem komu fram á íbúafundi um að fulltrúar í sveitarstjórn yrðu níu. Til þess þyrfti að sækja um undanþágu frá ákvæðum sveitarstjórnarlaga um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn með vísun í tilraunaákvæði 132. gr. sveitarstjórnarlaga fyrsta eða fyrstu kjörtímabilin. Flest voru á því að ekki væri tilefni til að hafa byggðaráð. Einnig var rætt um það hvernig hægt væri að tryggja áhrif jaðarsvæða og jafnræði í þjónustustigi. Rætt var um möguleika á dreifingu starfa á milli starfsstöðva og nýtingu tækninnar til að tryggja gott aðgengi íbúa að fundum og þjónustu. Ákveðið að leggja til að skrifstofur verði áfram tvær. Nefndin leggur til að horft verði til þess að tækifæri til að ráða fólk fremur en að kaupa þjónustu að verði nýtt.

Einnig komu fram ábendingar um skiptingu í nefndir þar sem lagt var til að skóla-, fræðslu- og velferðarnefnd og félags-, íþrótt- og menningarmálanefnd verði fræðslu- og íþróttanefnd og velferðar- og menningarmálanefnd.

Ráðgjöfum falið að taka saman efni minnisblaðanna með þeim áherslum sem ræddar voru á fundinum.

Fundi slitið kl. 17:15.

Arnór Benónýsson

Helgi Héðinsson

Margrét Bjarnadóttir

Jóna Björg Hlöðversdóttir

Ragnhildur Hólm
Sigurðardóttir

Elísabet Sigurðardóttir
